

Endurnýjun krókabáta.

11. gr.

Um endurnýjun krókabáta gilda ákvæði 11.-19. gr. reglugerðar, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1997/1998, eftir því sem við á.

Heimilt er að framselja, hvenær sem er innan fiskveiðiársins, þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta en það en háð því skilyrði að allt hámark, sem eftir er, sé flutt af viðkomandi báti, enda falli veiðileyfi niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað. Tilkynna skal Fiskistofu fyrirfram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með þorskaflahámarki tveggja eða fleiri krókabáta til eins báts, sem þá fær krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki bátanna.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með sóknardögum tveggja eða fleiri báta til eins báts sem þá hlýtur sams konar krókaleyfi. Séu þeir bátar sem leyfi láta hvor í sínum sóknarhópi skv. 4. og 5. gr. skal nýi eigandinn velja í hvorum hópnum báturinn lendir, og er heimilt að nýta sóknardaga þess báts sem flesta sóknardaga á ónýtta.

Sé krókaleyfi með sóknardögum og krókaleyfi með þorskaflahámarki flutt til eins báts skal eigandi velja, hvort báturinn hlýtur krókaleyfi með sóknardögum eða þorskaflahámarki. Velji eigandi krókaleyfi með þorskaflahámarki skal bátnum úthlutað krókaleyfi með sama þorskaflahámarki og sá bátur hafði er krókaleyfi lét. Velji eigandi krókaleyfi með sóknardögum fellur þorskaflahámarkið niður.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávaraflla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 1997. Frá 1. september falla úr gildi reglugerð nr. 361/1996 um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1996/1997 og auglýsing nr. 36/1996 um reglur um sóknardaga fiskveiðiárið 1996/1997.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Á fiskveiðiarinu er hefst 1. september 1997 og lýkur 31. ágúst 1998 skulu útgerðir fiskiskipa greiða sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 14.135 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 155 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.525 kr.

Aflamarksskip sem stunduðu línuveiðar fiskveiðiárið 1996/1997 skulu greiða veiðieftirlitsgjald vegna þess helmings landaðs afla viðkomandi skips í janúar og febrúar 1997 sem ekki taldist til aflamarks eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt.

Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla krókabáta er veiðar stunda með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakörkunum. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Við útreikning á gjaldinu skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1996/1997 eins og afli bátsins er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á 6 mánaða tímabili frá 1. febrúar til 31. júlí 1997.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 14.135 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.70, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, sandkoli 0.70, steinbítur 0.80, langlúra 1.40, skrápflúra 0.70, rækja 1.20, humar (slitinn) 8.80, hörpudiskur 0.40, síld 0.12, loðna 0.06.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu. 27. júní 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.